



|                        |                                                                                                                                                                                      |
|------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Dagsetning:            | 29.04.2025                                                                                                                                                                           |
| Staðsetning:           | Motus Katrínartúni 4, 7. hæð                                                                                                                                                         |
| Mættir, (fjarstaddir): | Fyrir hönd stjórnar: Daldís Yr Guðmundsdóttir, Sandra Karen Ragnarsdóttir, Berglind Norðfjörð Gísladóttir, Jóhann Gíslason, Olga Sigurðardóttir. Alls 20 félagsmenn mættir á fundinn |
| Fundargerð ritar:      | Daldís                                                                                                                                                                               |

#### Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrsla fræðslunefndar
3. Ársreikningur og árgjald ákveðið
4. Lagabreytingar
5. Kosning stjórnar
6. Kosning fræðslunefndar og skoðunarmanna reikninga
7. Önnur mál

#### Fundargerð:

##### 1. Skýrsla stjórnar

Berglind formaður ávarpaði gesti, bauð þá velkoma og hóf fundinn.

Eva Ósk tók að sér fundarstjórn og Daldís fundarritun.

Flutti Berglind skýrslu stjórnar skilmerkilega. Stiklað var á stóru um starf vetrarins frá síðasta aðalfundi og þakkaði Berglind fráfarandi stjórnarmeðlimum og fræðslunefnd vel unnin stjórn. Fyrirhugað er að félagið standi fyrir ráðstefnu að vori á næsta ári 2026.

Berglind minnti félagsfólk á Teams spjall sem félagið er að setja af stað. Mikilvægt að félagsfólk hafi vettvang til að ræða saman um þau málefni sem brenna á fólki.

##### 2. Skýrsla fræðslunefndar

Jóhann Gíslason flutti skýrslu fræðslunefndar og fór yfir fræðsluerindi vetrarins. Sérstaklega var fjallað um vel heppnað erindi Þorgerðar Magnúsdóttur um gæðastjórnun og samstarf við Endurmenntun Háskóla Íslands um námskeiðið inngangur að gæðastjórnun.

Umræða um námskeið og hvort félagið ætti að leggja sig meira fram um að standa fyrir fjölbreyttum námskeiðum fyrir félagsfólk.

##### 3. Ársreikningur

Olga Sigurðardóttir gjaldkerfi félagsins gerði grein fyrir ársreikningi félagsins. Tillaga stjórnar er að árgjald verði hækkað um 1.500,- eða í 5.500,- Kosið var og samþykkt einróma.

Rætt um kostnað við fræðslufundi og umræður spunnust um hvort félagsgjaldi væri betur varið í kostuð fræðsluerindi eða hvort við vildum halda áfram að hafa ókeypis erindi og bjóða upp á veitingar. Flestir viðstaddir voru á því að best væri að hafa fjölbreytileika í tímavali og staðsetningu.

##### 4. Lagabreytingar

Berglind Norðfjörð Gísladóttir gerði grein fyrir tillögum að lagabreytingum. Stjórn lagði til að nafni félagsins verði breytt í Félag um upplýsingastjórn. Farið var í stuttu máli yfir greinargerð vinnuhóps um nafnabreytingu sem skipaður var síðastliðið haust. Tillaga var samþykkt einróma og heitir félagið nú: Félag um upplýsingastjórn.

##### 5. Kosning stjórnar

Berglind Norðfjörð Gísladóttir bauð sig fram sem formann félagsins á seinna ári og hlaut einróma samþykki viðstaddra. Jóhann V. Gíslason var kosinn varaformaður og formaður fræðslunefndar. Olga Sigurðardóttir var kosin gjaldkeri. Halldóra Jónsdóttir býður sig fram sem vefstjóra og Guðrún Lilja Kvaran býður sig fram sem meðstjórnanda og voru þær sjálfkjörnar í stjórn. Anna Einarsdóttir bauð sig fram sem ritara þegar eftir því var leitað og því einnig sjálfkjörin.

##### 6. Kosning fræðslunefndar og skoðunarmanna reikninga

Sigurlaug Rósa Guðjónsdóttir bauð sig fram í fræðslu- og ráðstefnunefnd.



Skoðunarmenn reikninga voru kosnar Þorgerður Magnúsdóttir og Valey Jökulsdóttir. Sjálfkjörið var í öll embætti því ekki bárust mótframboð.

## 7. Önnur mál

Efling fræðslu. Rætt var óformlega um hvernig stjórn félagsins geti bætt fræðslu og stuðlað að fjölbreytni í fræðslufyrirkomulagi. Hugmynd kom upp um að senda út könnun til félagsfólks varðandi hug þeirra til ráðstefnu og fræðsluerinda. Fram kom að illa hefur gengið að fá félagsfólk til að svara slíkum könnunum en engu að síður ástæða til að prófa það í haust.

### Fundi slitið 17.54.

Helga Jóhannsdóttir hjá Stefnumótun og ferlum í Landsbankanum var með erindi um fólk og breytingastjórnun sem lukkaðist vel og vakti ánægju viðstaddra. .